



Samningur nr: ÞS1907345  
Dagsetning: 12.12.19

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR UM FJARGÆSLU.

Securitas hf., kt. 640388-2699, Skeifan 8, 108 Reykjavík, í samningi þessum nefndur þjónustusali, og **Hestamannafél. Fákur, 5201692969, Víðivöllum/Víðidal, 110 Reykjavík**, í samningi þessum nefndur þjónustukaupi, gera með sér svofelldan þjónustusamning um fjargæslu á búnaði nr: **ÞS0014314 - Vöktun Brunaviðvörðunarkerfi, Víðidal, Reiðhöll, 110 Reykjavík.**

### 1. gr.

Þjónustusali skuldbindur sig til að taka á móti boðum frá viðvörðunarkerfi og senda öryggisvörð á útkallsstað. Ekki er nauðsynlegt að senda öryggisvörð, ef með símtali fæst staðfest lykilorð, sem þjónustukaupi hefur gefið upp og staðfest er að kerfið sé í lagi. Til þess að sinna útköllum hefur þjónustusali öryggisverði á vakt allan sólarhringinn alla daga ársins. Viðvörðunarboðum er forgangsraðað en viðbragðstími er háður akstursskilyrðum, umferð, álagi, staðsetningu öryggiskerfisins og aðstæðum hverju sinni.

### 2. gr.

Þjónustukaupi skal að lágmarki tilnefna af sinni hálfu þrjá tengilið, sem þjónustusali getur sett sig í samband við, ef nauðsyn krefur. Þjónustukaupi skal tilkynna með þjónustusala skriflega og hæfilegum fyrirvara, ef breyting verður á tengiliðum. Það á einnig við um allar breytingar og framkvæmdir á eigninni eða við hana sem áhrif geta haft á virkni kerfisins, eða á annan hátt gætu skipt máli við framkvæmd samnings þessa. Þjónustusali samþykkir að taka á móti og geyma lykila af því húsnæði þjónustukaupa sem öryggiskerfið er staðsett í og vaktar. Lyklarnir eru varðveittir á starfsstöð þjónustusala. Þjónustusala er heimilt að nota lykllana þegar boð berast frá öryggiskerfi og lykilorð fæst ekki uppgefið í símtali. Þá er þjónustusala heimilt að afhenda lögreglu lykila gegn framvísun dómsúrskurðar eða að fengnu sannanlegu samþykki þjónustukaupa. Þjónustukaupi er ábyrgur fyrir því að tilkynna þjónustusala tafarlaust glatist fjarstýring ef hún tilheyrir viðvörðunarkerfinu enda veikir það öryggi á gæslustað

### 3. gr.

Fyrir þjónustu skv. samningi þessum ber þjónustukaupa að greiða þjónustusala þóknun, sem nemur **11.010,- kr.** án virðisaukaskatts á mánuði. Við greiðsluseðla leggst seðilgjald. Innheimta má kostnað vegna útkalla sem hægt er að rekja til rangrar eða gáleysislegrar umgengni starfsmanna eða annarra á vegum þjónustukaupa. Þjónustugjald tekur breytingum til hækkunar miðað við prósentubreytingar á almennum launatöxtum öryggisvarða í Eflingu, á hverjum tíma. Mánaðarlegt þjónustugjald greiðist fyrirfram og er gjalddagi reikninga 18. dag mánaðar. Eftir eindaga reiknast dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá gjalddaga ásamt vanskilakostnaði. Þjónustusala er heimilt að rifta samningi þessum, þ.m.t. að rjúfa tengingu við stjórnstöð og taka niður og fjarlægja búnað í eigu þjónustusala sem samningur þessi nær til á kostnað þjónustukaupa, komi til vanskila þjónustukaupa. Símalína þjónustukaupa er boðleið viðvörðunarkerfisins til stjórnstöðvar þjónustusala. Búnaður sem styðst við símalínu þjónustukaupa getur því haft í för með sér viðbótar símkostnað fyrir þjónustukaupa. Þjónustukaupi er ábyrgur fyrir að boðleið frá viðvörðunarkerfi til stjórnstöðvar sé virk.



#### 4. gr.

Þjónusta þjónustusala skv. samningi þessum kemur ekki í staðinn fyrir vátryggingar hvort sem það eru frjálssar eða lögboðnar vátryggingar. Þjónustukaupi ber ábyrgð á að vátryggja eigur sínar eftir þörfum hverju sinni. Þjónustusali ber ekki ábyrgð af þeirri ástæðu einni saman að virkni kerfis bar ekki þann árangur sem væntingar stóðu til eða ef bilun varð í búnaði sem ekki verður rakin til þjónustusala. Þjónustusali ber ábyrgð á því tjóni, sem þjónustukaupi verður sannanlega fyrir vegna ásetnings eða stórfellds gáleysis þjónustusala eða starfsmanna hans. Bótaábyrgð þjónustusala takmarkast að hámarki við þá fjárhæð, sem nemur því þjónustugjaldi, sem þjónustukaupi hefur greitt þjónustusala samkvæmt samningi þessum á síðustu tólf mánuðum áður en tjónsatburður átti sér stað.

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. eldsvoða, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka eða truflunar á fjarskiptum er heimilt að víkja frá ákvæðum samnings þessa.

#### 5. gr

Hvor aðili getur sagt samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. þó ákvæði í 3. gr. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarlok. Einungis mönnum á vegum þjónustusala er á samningstímanum heimilt að hafa með höndum skoðun, viðhald og viðgerðir hlutaðeigandi búnaðar, nema fyrir liggi skrifleg undanþága frá þjónustusala þar að lútandi. Þjónustusali undirritar samning þennan með þeim fyrirvara að þjónustukaupi sé með hreina vanskilaskrá. Þjónustusala er heimilt á samningstímabilinu að leita upplýsinga úr vanskilaskrá telji hann þörf.

#### 6. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 12.12.19

F.h. Securitas hf.

\_\_\_\_\_  
Þjónustusali

F.h. þjónustukaupa

*Einar Gíslason*  
\_\_\_\_\_  
Þjónustukaupi